

Fjarlækningar Saga 2019.1

Uppsetning á Fjarlækningum í Sögu

Til þess að tengja Fjarlækningartæki í Sögu þarf að gera ákveðnar breytingar í Sögu, sem kerfisstjóri sér um. Til þess að þetta virki er Afgreiðslan notuð og F8 virkinn.


Kerfisstjóri þarf að stofna sér aðfang í Sögu sem er skilgreint með gerðinni „T - Fjarlækningartæki“ og gefa því heiti. Það þarf ekki að heita LIFLINA þó að dæmið hér fyrir neðan sýni það. Haka þarf í „Virkt“ og skilgreina byrjunar- og endatíma á aðfangi og tímalengd.

Stofna þarf nýtt Form tímabókanar á afgreiðsludeild sem þetta á að vera sýnilegt á og verður „Flokkur“ að vera skilgreindur sem „Fjarlækningar“.

Athugið: Það má gera mörg aðföng af þessari tegund. Takmörkun á við tímabókanir. Aðeins eitt aðfang af tegundinni fjarlækningatæki má vera hluti af komu. Þetta á við þegar margar tímabókanir eru tengdar og það er gerð ein koma fyrir þær, þ.e. mörg aðföng valin í aðfangalista.

F8 flæðið

Þegar notandi smellir á F8 í fyrsta skipti fyrir ákveðna komu þá verða sjálfkrafa til samskipti og nýtt kerfiseyðublað „Fjarlækningar“ og Fjarlækningar opnast í ytri vafra eða auka glugga (ekki Aukagluggi Sögu). Hvernig þetta opnast er stillt í stilligildi **21** í Sögu. Líflína opnast í auka glugga og Agnes opnast í ytri vafra. Við kerfiseyðublaðið sem birtist í samskiptum í eyðublaðaeiningu eru gögn úr fjarlækningabúnaði tengd. Gögnin sem koma úr fjarlækningatækinu geta verið mælingar og viðhengi og flytjast þau úr tækinu yfir í Sögu.



Dags.	Eyðublað	Undirritaður starfsmaður	Faghópur	Í umsjón	Útfyllt af	Stofnað
18.06.2018	Samskiptaseðill fjarlækninga	[redacted]	Læknir	[redacted]	gha	18.06.2018

Ef ýtt er á F8 aftur fyrir komu eru gömlu samskiptin sem voru gerð opnuð aftur og Fjarlækningar opnast aftur í aukaglugga.

Athugið að ef ekki hafa verið skilgreind sniðmát samskipta og sniðmát tímabókana fyrir F8 flæðið þá opnast glugginn „Hefja ný samskipti“ tómur og notandi þarf þá að stilla sjálfur sniðmátin og búa til samskipti. Velji notandi „Hætta við“ þá gerist ekkert, þ.e. það opnast enginn auka gluggi eða gluggi í ytri vafra.

Með kveðju

Origo Heilbrigðislausnir